



Bankaráð Seðlabanka Íslands

Akureyri, 21. september 2015

Með bréfi þessu fer stjórn Samherja hf. þess á leit, fh. félagsins og tengdra aðila (saman vísað til sem Samherja), við bankaráð Seðlabanka Íslands, að það hlutist til um að fram fari athugun á stjórnýslu bankans, bankastjórnar og annarra starfsmanna, að því er snertir gjaldeyriseftirlit, einkum og sér í lagi í tengslum við húsleit, rannsókn, samskipti, kærur og fjölmiðlaumfjöllun af hálfu Seðlabanka Íslands (vísað til sem Seðlabankinn eða bankinn)um málefni Samherja.

Þessi málaleitan er gerð með vísan til ákvæða laga nr. 36/2001 um Seðlabankans, þar sem fram kemur í 28. gr. að bankaráð hafi eftirlit með því að Seðlabankinn starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Verður að telja yfir allan vafa hafið, að í ákvæði þessu felist víðtæk eftirlitsskylda um að yfirstjórn Seðlabankans fari í störfum sínum að landslögum og hlíti þeim reglum er fram koma í stjórnýslulögum sem og öðrum lögum.

Málavextir eru kunnir og er ítarlega lýst í meðfylgjandi kröfu sem lögð var fyrir dómstóla í fyrra, sbr. fylgiskjal nr. 1. Í umræddri kröfu er lögfræðilegum sjónarmiðum eins og þau horfa við Samherja hf. og tengdum aðilum jafnframt lýst. Vert er að geta þess að umrætt mál beindist að embætti sérstaks saksóknara þar sem óskað var að haldi gagna yrði aflétt. Að því er snertir málaleitan þessa gagnvart bankaráði kemur fram í forsendum niðurstöðu héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, að mögulegt sé fyrir lögreglu að styðjast við gögn sem hún hefur undir höndum „þó þeirra kunnir að hafa verið aflað án þess að fylgt hafi verið ákvæðum laga um öflun sönnunargagna í opinberum málum“. Þrátt fyrir synjun dómstóla um afléttingu halds gagnanna á umræddum tímapunkti gefur þessi hluti rökstuðnings dómstóla vísbendingu um að mögulega hafi ekki verið réttilega staðið að rannsókn málsins í upphafi.

Til viðbótar því sem lýst er í fylgiskjali nr. 1 teljum við rétt að vekja athygli bankaráðsins á eftirfarandi atriðum sem sum hver hafa aðeins nýlega komið í ljós:

- Ítrekað hefur komið upp að þegar Samherji og e.a. aðrir tengdir aðilar hafa leitað réttar síns fyrir dómstólum eða óskaði eftir frekari upplýsingum, hefur komið í ljós að Seðlabankanum hafi „láðst að afhenda“ tiltekin gögn, sbr. fylgiskjöl nr. 2 og 3.
- Árið 2012 bar Samherji synjun Seðlabankans um aðgang að upplýsingum um viðtakendur fréttaskeyta sem bankinn sendi um húsleitina undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Undir rekstri þess máls veitti bankinn upplýsingar um fjölda viðtakenda og hlutfall Íslenskra netfanga. Nýverið óskaði Samherji eftir nánari útlistun á erlendum viðtakendum. Kom þá í ljós að upplýsingarnar sem bankinn hafði veitt Samherja og

úrskurðarnefndinni árið 2012 voru að öllu leyti rangar, sbr. fylgiskjal nr. 4.

- Hinn 10. apríl 2013 kærði Seðlabankinn félagið Ice Fresh Seafood ehf. til embættis sérstaks saksóknara fyrir brot á skilaskyldu. Í sérstakri skýrslu bankans um meint brot kom fram að heildarfjárhæð skilaskyldu á rannsóknartímabilinu hafi numið kr. 74.030.562.990. Í niðurstöðukafla skýrslunni, sbr. fylgiskjal nr. 5, kemur fram að bankinn telji Ice Fresh Seafood ehf. hafa skilað sem nemur 100,49% skilaskylds gjaldeyris til landsins eða kr. 365.660.109 umfram skilaskyldu. Þrátt fyrir það kærði bankinn félagið fyrir að hafa vanrækt að skila samtals kr. 70.195.824 til landsins.
- Hinn 9. september 2013, sama dag og fréttir birtust að embætti sérstaks saksóknara hefði endursent bankanum mál á hendur Samherja og öðrum lögaðilum hinn 28. ágúst 2013, sendi bankinn embættinu nýja kæru vegna sömu sakarefna en nú á hendur tilteknum einstaklingum. Undirbúningur og vinna þeirrar kæru fór fram án þess að bankinn hefði undir höndum nokkur gögn, enda voru þau enn í vörslu embættis sérstaks saksóknara. Þetta staðhæfði embætti sérstaks saksóknara í greinargerð til héraðsdóms í máli nr. 469/2014. Virðist því rannsókn Seðlabankans og heimfærsla kæruefnis yfir á einstaklinga hafa farið fram á skömmum tíma og án þess að bankinn hefði nein gögn undir höndum.
- Seðlabankastjóri fullyrtaði í sjónvarpsþættinum Eyjunni hinn 13. september sl. að það setti „mjög mikið strik í reikninginn því mikið af þessum brotum eru þess eðlis að það er ekki hægt að heimfæra það yfir á einhverja einstaklinga. Það eru fyrirtækin sem gera eitthvað af sér“. Ítrekaði hann þetta í viðtali við Morgunblaðið hinn 14. september sl. Í þessu ljósi er athyglisvert að seðlabankastjóri hafi, þrátt fyrir þessa vitneskju og eftir að embætti sérstaks saksóknara endursendi kæru bankans á hendur Samherja og tengdum félögum, ákveðið að heimfæra kæruefnin yfir á einstaklinga innan Samherja persónulega og kæra til embættis sérstaks saksóknara.
- Seðlabankinn og seðlabankastjóri hafa ítrekað lýst því yfir í fjölmiðlum að „lagaklúðri“ sé um að kenna að embætti sérstaks saksóknara hafi felld niður ýmis gjaldeyrismál sem Seðlabankinn hefur kært, þ.m.t. á hendur forsvarsmönnum Samherja. Í því samhengi er rétt að benda á að í aðdraganda þess að ákvæði reglna Seðlabankans voru felld inn í gjaldeyrislög árið 2011 sendi bankinn í tvígang umsagnir til Alþingis. Í umsögn bankans frá 24. maí 2011, sbr. fylgiskjal nr. 6, segir m.a.: „Við samningu frumvarps þessa var haft samráð við Seðlabankann enda hefur hann hingað til mótað reglurnar um gjaldeyrismál og gefið þær út með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra“. Í umsögn bankans frá 7. september 2011, sbr. fylgiskjal nr. 7, var ítrekað að í fyrri umsögn bankans hefði komið fram að hann hefði átt þátt í samningu frumvarpsins. Í umsögninni lagði bankinn jafnframt áherslu á að lagastoð fyrir höftunum og refsheimildum væri nægilega traust. Orðrétt segir: „Hugsanlega verður hægt að draga úr smámunaseminni í lögfestingu núverandi gjaldeyrisreglna án þess að grafa undan lögmæti og refsheimild, sem talið er að gæti þurft



traustari grunn í ljósi þess að lagaheimildin er til mun lengri tíma en áður“. Undir síðarnefndu umsögnina ritar seðlabankastjóri sjálfur. Seðlabankinn kom að breytingum á lögum um gjaldeyrismál auk þess að gefa út reglur þar að lútandi, áður en bankinn ákvað að fara í húsleit og síðar kæra til lögreglu Samherja o.fl. Þá hafi bankinn sérstaklega haft í huga lögmæti og refsheimild laganna. Í ljósi þessa verður ekki séð í hvaða tilgangi yfirlýsingar bankans núna eru settar fram.

- Þá er vert að benda á að seðlabankastjóri hefur ekki verið samkvæmur sjálfum sér í yfirlýsingum um á hvers ábyrgð húsleitinn hjá Samherja o.fl. var. Í sjónvarpsþættinum Eyjunni hinn 13. september sl. reyndi seðlabankastjóri að þvo hendur sínar af húsleitinni og sagði: „Það var hins vegar sérstakur saksóknari sem framkvæmdi húsleitina og kallaði til lögregluna og önnur yfirvöld til þess“. Bankaráði má vera kunnugt um að Seðlabankinn birti fréttatilkynningu á heimasíðu sinni sem birtist sama dag og húsleitinn fór fram, sbr. fylgiskjal nr. 8, þar sem sérstaklega er tekið fram að húsleitinn sé framkvæmd af Gjaldeyriseftirliti Seðlabankans. Orðrétt segir í fréttatilkynningunni: „Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands, með aðstoð Embættis sérstaks saksóknara, framkvæmdi í morgun húsleitir á starfsstöðvum Samherja hf. í Reykjavík og á Akureyri. Aðgerðin er framkvæmd í tengslum við lögbundið rannsóknarhlutverk Seðlabanka Íslands á grundvelli laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, vegna gruns um brot gegn ákvæðum sömu laga“. Þá er ekki að annað að sjá af beiðnum bankans til annarra stjórnvalda en að aðkoma annarra hafi eingöngu verið hugsuð sem aðstoð við Seðlabankann, sbr. fylgiskjöl nr. 9-10. Seðlabankinn virðist því í upphafi hafa verið tilbúinn að taka heiðurinn af húsleitinni en nú þegar embætti sérstaks saksóknara hefur fellt niður málið vill bankinn ekki kannast við neina ábyrgð.

Að lokum er rétt að benda á óviðeigandi viðbrögð og ummæli seðlabankastjóra í kjölfar niðurfellingar embættis sérstaks saksóknara á málinu. Embættið byggði þá niðurstöðu á því, eftir tveggja ára rannsókn, að ekkert væri að finna í gögnum málsins, sem benti til þess að refsiverður verknaður hefði verið framinn og því útilokað að til höfðunar sakamáls gæti komið. Þrátt fyrir skýra afstöðu embættisins þess efnis að gögn og atvik málsins bentu ekki til refsíábyrgðar virðist sem seðlabankastjóri lýsi beinlínis yfir sekt málsaðila í Samherjamálinu opinberlega, m.a. í Morgunblaðinu hinn 14. september sl., með því að segja þá „*sleppa vegna lagaklúðurs*“.

Að mati stjórnar Samherja hf. hefur mál þetta varpað ljósi á alvarlegar brotalamir í stjórnslu og starfsemi Seðlabankans, sem og seðlabankastjóra sjálfs, í gjaldeyrismálum.

Hvort eingöngu sé um að kenna brotum bankans á þeim lögum og reglum sem um hann gilda eða hvort sá lagarammi sem veita á bankanum aðhald og stýra honum í átt að góðri stjórnslu sé um að kenna verður ekki sagt til um hér.

Hins vegar varpar mál þetta ljósi á brýna nauðsyn þess að stjórnslu bankans og seðlabankastjóra í gjaldeyrismálum og –eftirliti, sé skoðuð ofan í kjölinn og er þess, sem fyrr segir, óskað að bankaráð Seðlabankans hlutist til um það.



SAMHERJI HF

Starfsmenn Samherja hafa alla tíð verið reiðubúnir að gera Seðlabankanum grein fyrir þeim álitaeftum sem upp hafa komið. Hefur það reynst farsælt og leyst úr þeim málum. Telji bankinn enn vera óútkljáð mál við Samherja er heppilegast að upplýst verði hver þau kunna að vera að mati bankans svo unnt verði að varpa á þau ljósi og greiða úr ágreiningi ef einhver er eftir slíka umfjöllun beggja aðila. Er Samherji reiðubúinn að koma til slíkra funda eftir þörfum.

Virðingarfyllst,
Stjórn Samherja hf.

Eiríkur S. Jóhannsson, stjórnarformaður

Helga Steinunn Guðmundsdóttir

Óskar Magnússon

Kristján Vilhelmsson

Sigrún-Björk Jakobsdóttir



Fylgiskjöl:

1. Krafa Samherja hf. o.fl. til héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 12. mars 2014.
2. Bréf Seðlabankans til Garðars G. Gíslasonar hdl., dags. 24. janúar 2014.
3. Tölvupóstur Rannveigar Júníusdóttur til Garðars G. Gíslasonar hdl., dags. 18. júní 2014.
4. Bréf Seðlabankans til Garðars G. Gíslasonar hdl., dags. 10. september 2015.
5. Hluti af skýrslu Seðlabankans um skilaskyldu Ice Fresh Seafood ehf., dags. 10. apríl 2013.
6. Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um gjaldeyrismál og tollalög, dags. 24. maí 2011.
7. Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um gjaldeyrismál og tollalög, dags. 7. september 2011.
8. Skjámynd af fréttatilkynningu á heimasíðu Seðlabankans nr. 13/2012, dags. 27. mars 2012.
9. Beiðni Seðlabanka Íslands til embættis sérstaks saksóknara um aðstoð við húsleit, dags. 21. mars 2012.
10. Beiðni Seðlabanka Íslands til Tollstjóra um aðstoð við húsleit, dags. 23. mars 2012.